

Siðareglur Landsvirkjunar

Tilgangur

Siðareglur Landsvirkjunar innihalda almenn viðmið um hátterni og ábyrga starfshætti sem við stöndum fyrir.

Stjórnendur sjá til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og að þær séu eðlilegur þáttur í starfi þess. Allt starfsfólk gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum.

Gildissvið

Siðareglurnar taka til allra þeirra sem starfa hjá fyrirtækinu eða dótturfélögum alfarið eigu Landsvirkjunar og koma fram fyrir hönd þess eða í nafni þess.

Siðareglur

Hagsmunaárekstrar

Við störfum af heilindum og látum persónulega hagsmuni ekki hafa áhrif á störf okkar fyrir Landsvirkjun.

Við misnotum ekki stöðu okkar eða vald í eiginhagsmunaskyni og tökum ekki þátt í meðferð mála er varða hagsmuni okkar sjálfrá eða tengdra aðila.

Við upplýsum stjórnendur um atriði sem kunna að valda hagsmunaárekstrum.

Mútur og spilling

Hjá Landsvirkjun vinnum við gegn hvers kyns spillingu.

Við þiggjum ekki né veitum gjafir eða hverskyns hlunnindi sem eru til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind okkar eða annarra við vinnslu mála.

Við högum störfum okkar í samræmi við *Viðbragðsáætlun og varnir gegn ámælisverðri háttsemi*.

Mannréttindi og jafnrétti

Í störfum okkar höfum við jafnrétti og mannréttindi að leiðarljósi.

Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og þeim sem við höfum samskipti við í gegnum starf okkar. Við sýnum umburðarlyndi og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og aðstæðna.

Við líðum ekki undir neinum kringumstæðum einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti eða annars konar ofbeldi.

Upplýsingaöryggi og trúnaður

Við vöndum alla meðferð upplýsinga og skjala og gætum nauðsynlegs trúnaðar.

Við gætum að persónuvernd og högum störfum okkar og meðferð persónuverndargagna samkvæmt lögum.

Við gætum þess að skrá samskipti og skjöl í samræmi við þær lagakröfur sem gerðar eru til Landsvirkjunar.

Samskipti og vinnubrögð

Við störfum og tökum ákvarðanir af vandvirkni og heiðarleika og högum störfum okkar í samræmi við stefnu fyrirtækisins, samþykkt ferla, siðareglur þessar og gildandi lög.

[Handwritten signatures]

Við eignum hreinskilin samskipti, svörum fyrirspurnum málefnalega og vísum í gögn þegar því verður við komið.

Við gætum ávallt að orðspori Landsvirkjunar í samskiptum okkar, þar með talið við notkun okkar á samfélagsmiðlum.

Við göngum vel um eignir fyrirtækisins og nýtum þær ekki til einkanota nema fyrir því liggi samþykki viðeigandi aðila. Við notum ekki hug- og vélbúnað Landsvirkjunar til ólöglegs athæfis.

Öryggi og umhverfi

Við gætum ávallt fyllsta öryggis í störfum okkar og fylgjum öryggisreglum í hvívetna.

Við berum virðingu fyrir umhverfi og náttúru í öllum okkar störfum.

Viðbrögð við frávikum

Verði starfsfólk vart við frávik á siðareglunum, eða grunar að frávik hafi átt sér stað, ber því að greina frá slíku. Slíkri ábendingu skal beina til stjórnenda og/eða til samræmis við þar til gerða ferla sem skilgreindir hafa verið til að taka við ábendingum. Hér vísast til dæmis til ferla sem skilgreindir eru í viðbragðsáætlun og varnir gegn ámælisverðri háttsemi og viðbragðsáætlun við einelti, kynferðislegri/kynbundinni áreitni eða ofbeldi.

Frávik frá siðareglum þessum getur leitt til tiltals, áminningar eða brottrekstrar úr starfi í alvarlegri tilfellum.

20. febrúar 2023

Stjórn Landsvirkjunar

Jónas Þórður Þórðarson
Ólafur Þórhildur Ingólfsson
Jónas Þórður Þórðarson
Ólafur Þórhildur Ingólfsson
Guðrún Þórhildur Þórðarson